

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2020/745****2021/EES/7/50****frá 4. júní 2020****um breytingu á reglugerð (ESB) 2018/1042 að því er varðar frestun á framkvæmd tiltekinna ráðstafana í tengslum við COVID-19 heimsfaraldurinn (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 <sup>(1)</sup>, einkum 23. gr., 31. gr. og 62. gr. (15. mgr.),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Ráðstafanir, sem gripið hefur verið til í því skyni að halda COVID-19 heimsfaraldurinum í skefjum, draga verulega úr getu aðildarríkja og flugiðnaðarins til að búa sig undir að framkvæma ýmsar nýlega samþykktar framkvæmdarreglugerðir á sviði flugöryggis.
- 2) Einangrunarráðstafanir, breytingar á vinnuskilyrðum og tiltækileiki starfsmanna, samtímis auknu vinnuálagi sem krafist er til að takast á við verulega neikvæðar afleiðingar af völdum COVID-19 heimsfaraldursins fyrir alla hagsmunaaðila, hindra undirbúning að því að koma þessum framkvæmdarreglugerðum í framkvæmd.
- 3) Aðildarríki geta ekki komið í framkvæmd nýjum kröfum um áfengismælingar, stuðningsáætlanir meðal flugverja og sálrænt mat á flugmönnum, sem voru innleiddar með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1042 <sup>(2)</sup>, innan tímarammans sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð, þ.e. frá 14. ágúst 2020, vegna þess að þau hafa samþykkt ýmsar einangrunarráðstafanir. Aðildarríki eru ekki í aðstöðu til að tryggja að flugverjar muni hafi möguleika á því að uppfylla nýju skyldurnar, sem voru innleiddar með reglugerð (ESB) 2018/1042, því þetta gæti hindrað tiltækileika flugverja þegar flugstarfsemi hefst á ný að afstöðnum COVID-19 heimsfaraldurinum. Því ætti að fresta framkvæmd þessara krafna um sex mánuði í því skyni að gera aðildarríkjunum kleift að vega upp á móti neikvæðu áhrifunum sem verða vegna tafarinnar á því að þær ráðstafanir komist til framkvæmda af völdum COVID-19 heimsfaraldursins.
- 4) Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins hefur staðfest við framkvæmdastjórnina að frestun á framkvæmd ákvæðanna, sem um getur í 3. forsendu, sé möguleg án þess að það hafi skaðleg áhrif á flugöryggi þar sem hún muni vara í mjög takmarkaðan tíma og í ljósi þess er líklegt að flugstarfsemi að afstöðnum COVID-19 heimsfaraldurinum verði umfangslítill og aukist smám saman og þar af leiðandi verður minni áhætta af völdum váhrifa í tengslum við skimun fyrir geðvirkum efnum og sálrænar stuðningsáætlanir.
- 5) Í því skyni að veita landsbundnum yfirvöldum og öllum hagsmunaaðilum tafarlausa aðstoð á meðan COVID-19 heimsfaraldurinn varir og til að gera þeim kleift að laga áætlanagerð sína að því að búa sig undir að fresta framkvæmd viðkomandi ákvæða ætti þessi reglugerð að öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 176, 5.6.2020, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 223/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1042 frá 23. júlí 2018 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 að því er varðar tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða stuðningsáætlanir, sálrænt mat á flugáhöfn, sem og kerfisbundna og handahófskennda skimun fyrir geðvirkum efnum til að tryggja heilbrigði flugliða og öryggis- og þjónustuliða og að því er varðar uppsetningu á landslagsgreiningarkerfi í nýlega framleiddar flugvélar, knúnar hverfihreyflum með 5700 kg skráðan hámarksflugtaksmassa eða minna og sem samþykktar hafa verið til að bera sex til níu farþega (Stjtið. ESB L 188, 25.7.2018, bls. 3).

- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Í stað þriðju málsgreinar 2. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1042 kemur eftirfarandi:

„Þó skulu 1. og 3. mgr. 1. gr. gilda frá 14. febrúar 2021 og f-liður 3. liðar og b-liður 6. liðar í viðaukanum skulu gilda frá 14. ágúst 2018.“

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. júní 2020.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

---